

geymdukt.
Lokun til dags 1999

Gróðurfar í votlendi á Fitjum í Skorradal

Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson

Unnið fyrir Huldu Guðmundsdóttur, Fitjum

NÍ-99002

Reykjavík, febrúar 1999



Náttúrufræðistofnun Íslands

EFNISYFIRLIT

	bls
EFNISYFIRLIT	2
1 INNGANGUR	3
2 STAÐHÆTTIR	3
3 GRÓÐUR	3
3.1 Gróðurkort	3
3.2 Gróðurfur	3
3.3 Gróðursamfélög	4
3.3.1 Þurrlandi	4
3.3.2 Votlendi	5
3.3.3 Lítt gróið land	7
3.4 Flóra	7
4 NÁTTÚRUVERNÐ OG ATHYGLISVERÐIR STAÐIR	8
5 NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA	8
6 TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR	9
6.1 Almenn	9
6.2 Verndun votlendis	10
7 RITASKRÁ	10
VIÐAUKI	
1. viðauki. Flóra í votlendinu í fitjum og nágrenni í landi jarðarinnar Fitja í Skorradal	11
KORT	
Gróðurkort af votlendi í landi jarðarinnar Fitja í Skorradal	12

1 INNGANGUR

Í janúar 1998 fór Hulda Guðmundsdóttir á Fitjum þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands að hún gerði kostnaðaráætlun um gerð gróðurkorts og gróðurrannsóknir á votlendi í landi Fitja fyrir botni Skorradalsvatns. Náttúrufræðistofnun sendi áætlunina 27. janúar 1998.

Markmið rannsóknanna var að fá yfirlit yfir gróðursamfélög og tegundafjölbreytni háplantna á rannsóknasvæðinu til að hægt yrði að gera grein fyrir verðmæti þess á lands- og héraðsvísu.

Farið var um svæðið 9. júlí og 21. ágúst 1998. Gróðurlendi voru færð inn á loftmynd í mælikvarða 1:2.500. Háplöntur voru skráðar og lögð drög að lýsingum á gróðurlendum.

2 STAÐHÆTTIR

Skorradalur er um 28 km langur. Fremst í dalnum er allbreitt undirlendi sem víðast er votlent en hefur að hluta verið ræst fram. Síðan fyllir Skorradalsvatn dalbotninn. Það er um 16 km langt, víðast um 1 km á breidd og um 14,3 km² að flatarmáli. Þegar Andakílsárviðrun var reist var vatnsósinn stíflaður og vatnsborðið hækkað. Fór þá allmikið land undir vatn, einkum innst í dalnum. Að vatninu liggja allbrattar hlíðar, sumar vaxnar villtum birkiskógi, en skógrækt er nú stunduð í vaxandi mæli í dalnum. Fitjaá fellur í Skorradalsvatn austanvert. Beggja megin árinna, en þó einkum norðan hennar, er allstórt votlendissvæði þar sem skiptast á mýrar og flóar. Svæðið sem gróðurathuganirnar voru gerðar á er við innri enda Skorradalsvatns við ósa Fitjaár. Það afmarkast af veginum og ánni og nær frá vatninu heim undir bæinn að Fitjum, þar sem tún og skógrækt taka við.

3 GRÓÐUR

3.1 Gróðurkort

Meðfylgjandi gróðurkort, sem er í mælikvarða nálægt 1:4.000, var unnið á stækkaðar loftmyndir Landmælinga Íslands frá árinu 1997. Gróður- og landgreiningin er að mestu byggð á flokkunarlykli hefðbundinna gróðurkorta sem Steindór Steindórsson (1981) lagði grunninn að, en þar er gróður flokkaður eftir ríkjandi tegundum. Í nokkrum tilvikum er brugðið út frá þeim gróðurlykli vegna þess hve kortlagt er í stórum mælikvarða.

3.2 Gróðurfur

Meginhluti svæðisins sem rannsakað var er votlendi. Votlendi er oft skipt í flóa, mýri og jaðar eða hálfdeigju, eftir því hve blautt landið er og fer skiptingin þá eftir yfirborði grunnvatns í sverðinum. Í flóa er yfirborð grunnvatnsins að jafnaði fyrir ofan svörðinn. Í mýri er grunnvatnsstaðan í sverðinum en í jaðri er hálfblautt land, millistíg á milli mýra og þurrlendisgróðurs.

Á athugunarsvæðinu er flói algengastur en mýrlendi fylgir fast á eftir hvað flatarmál varðar. Mörkin á milli flóans og mýrarinnar eru víða mjög óljós. Jaðar kemur fyrir en er ekki algengur. Votlendið er mest og blautast á fitjunum næst vatninu. Grunnvatnshæð í votlendinu og strandlínan við vatnið er breytileg vegna mismunandi hæðar vatnsyfirborðs Skorradalsvatns.

Þurrlandi er einkum að finna þar sem landið liggur lítið eitt hærra um miðbik svæðisins. Þar er gróðurþekjan rofin og gróður því ósamfelldur.

3.3 Gróðursamfélög

Gróðursamfélögum sem sýnd eru á gróðurkortinu sem fylgir þessari skýrslu, verður lýst hér á eftir. Í lýsingunni verður gerð grein fyrir ríkjandi plöntutegundum og taldar upp helstu fylgitegundir hvers gróðurhverfis svo sem kostur er. Gróðurhverfunum er lýst í sömu röð og þau koma fyrir í skýringum á gróðurkortinu, óháð flatarmáli og náttúrufarslegu verðmæti. Byrjað verður á þurrlandisgróðri, síðan verður votlendið, sem er mjög fjölbreytilegt, tekið fyrir og að lokum verður fjallað um lítt gróið land þar sem bersvæðisgróður er ríkjandi.

3.3.1 Þurrlandi

Beitilyngsmói (B4)

Auk beitilyngs eru krækilyng og bláberjalyng ríkjandi í beitilyngsmóanum ásamt geldingahnappi og axhæru. Þar að auki vex í beitilyngsmóanum fjöldinn allur af öðrum tegundum: túnsúru, ljósbera, sýkigrasi, týtulíngresi, hálingresi, blávinglí, túnvinglí, friggjargrasi, músareyra, hvítmöðru, birki, blóðbergi, kornsúru, lyfjagrasi, brjóstagrasi, hárluggjastör, klóelftingu, gulmöðru, skariffíflí, stinnastör, grasvíði og vallelftingu. Aðeins einn gróðurreitur á svæðinu er flokkaður sem beitilyngsmói. Hann er allstór og stendur meðfram veginum austan við túnið. Gróðurþekjan er 50% og greinilegt er að þarna er landið smátt og smátt að gróa upp.

Graslendi (H1)

Graslendi er algengasta gróðurhverfi þurrlandis á svæðinu. Það ríkir utan við votlendið, t.d. meðfram veginum og á árbökkunum. Graslendið er gróskumikið og nær alltaf algróið. Fylgitegundir eru margar en ekki áberandi. Í graslendinu eru snarrótarpuntur, blávingull, túnvingull, hálingresi og vallhæra oft ríkjandi tegundir, stundum allar saman, stundum tvær til þrjár. Af fjöldamörgum fylgitegundum má nefna loðvíði, hrossanál, bláberjalyng, krækilyng, beitilyng, hvítmöðru, krossmöðru, móasef, kornsúru, fjalldrapa, birki, friggjargras, barnarót, undaffla, lyfjagras, brjóstagras, grávíði, kattartungu, skarífífil, mosajafna, stinnastör, hvítsmára, mýrasóley, ljósbera, geldingahnapp, blákoll, ilmreyr, vegarfa, hárluggjastör, blóðberg og brjóstagras.

Nýgræða með grösum (K1)

Nýgræðu með grösum svípar mjög til graslendisins hér að framan. Helsti munurinn í þessu tilviki er sá að jarðvegurinn er þynnri og gróðurhulan oftast gisnari. Áberandi er hversu gróskan og sjálfgræðsla í nýgræðunni er mikil. Af tegundum í nýgræðunni má nefna blávingul, blásveifgras, ilmreyr, túnvingul, þursaskegg, axhæru, vallhæru, krækilyng, blóðberg og týtulíngresi. Þetta gróðurhverfi er aðeins að finna á malarhryggnum við námuna, þar sem melurinn er orðinn grasi gróinn að 2/3 hlutum. Þetta land kemur til með að breytast í graslendi á tiltölulega fáum árum.

Alaskalúpína (L3)

Alaskalúpína er ræktuð innflutt tegund sem hefur verið sáð eða plantað víðsvegar um Skorradal. Hún breiðist nú óðfluga út um dalinn, jafnt yfir gróið land sem ógróið. Á því svæði sem gróðurkortíð nær yfir hefur ekki verið sáð til hennar svo vitað sé. Hún er þar þó til staðar í stórum flekkjum t.d. á árbökkum og eyrunum við Fitjaá og breiðist þaðan, að því er virðist, með allmiklum hraða út í nærliggjandi gróðurlendi. Jafnvel á nokkrum stöðum inni í miðju votlendinu, þar sem eru þurrari blettir, voru blómstrandi lúpínur.

Ræktað tún (R2)

Um er að ræða tún í góðri rækt á þurrlendinu um miðbik svæðisins.

3.3.2 Votlendi

Jaðar með hrossanál og störum (T2)

Þetta gróðurhverfi er oft nefnt hrossanálarjaðar vegna þess að hrossanálin er áberandi og einkennandi fyrir gróðurhverfið. Auk hrossanálar og starar (oftast mýrastarar) eru grös einnig ríkjandi. Á svæðinu kemur þetta gróðurhverfi aðeins einu sinni fyrir á mótum þurrlendisins og votlendisins. Það er við enda melsins sem er að gróa upp og fyrr er getið. Í fjórum minni reitum er hrossanálarjaðar merktur til viðbótar með einu eða tveimur öðrum gróðurhverfum.

Jaðar með grösum og störum (T5)

Skilgreiningin á þessu gróðurhverfi er afar víð sem verður til þess að þetta er algengasta jaðargróðursamfélagið á landsvísu. Á athugunarsvæðinu er það algengt en oft var erfitt að aðgreina það frá graslendi (H1). Ýmsar tegundir grasa og stara eru ríkjandi, allt eftir aðliggjandi gróðri. Túnvingull og mýrastör eru þó algengustu tegundirnar. Af öðrum tegundum má nefna vallarsveifgras, hvítsmára, brennisóley, túnfífla, lokasjóð, mýrfjóla, krossmöðru, vegarfa, engjarós og kornsúra.

Mýri með mýrastör og gulvíði (U2)

Þetta gróðurhverfi kemur aðeins fyrir á einum stað niður við vatn, þar sem vatnsborðsbreytinga virðist gæta einna mest. Það er mjög votlent og erfitt er að greina það frá gulstararflóa (V1) sem í heildina er fyrirferðarmeiri. Þótt landið þarna sé mjög blautt, er mýrin innan um og saman við flóann í litlum flekkjum og er þetta mynstur gróðurhverfa (V1/U2) óvenjulegt.

Mýri með mýrastör og klóffu (U4)

Gróðurhverfi þar sem mýrastör og klóffu eru ríkjandi er aðeins að finna á takmörkuðu svæði sunnan við tjarnirnar á fitjunum næst vatninu. Auk ríkjandi tegunda vaxa þarna engjarós, kornsúra, vallarsveifgras, mýrfjóla, hrafnaklukka og hálmgresi.

Mýri með mýrastör (U5)

Algengasta mýragróðurhverfið á Íslandi er mýri með mýrastör. Á athugunarsvæðinu kemur það nokkrum sinnum fyrir og er þá alltaf um smærri reiti að ræða. Í því ríkir mýrastör en með henni vaxa t.d. hrafnaklukka, mýrfjóla, engjarós og kornsúra. Mosar þekja yfirleitt svörðinn. Mýrastarmýrin finnst einnig óaðgreind frá öðrum gróðurhverfum.

Mýri með mýrastör og gulstör (U8)

Mýrastör með gulstör er eitt víðáttumesta mýragróðurhverfið á þessu svæði. Oft er erfitt að aðgreina það frá gulstararflóanum (V1). Ástæðan er sú að víða skiptast á smáir flóapollar og þurrari mýrablettir og þannig myndast mynsturkennt mýra- og flóasvæði. Gulstör er hins vegar ríkjandi starategund á báðum þessum svæðum. Í flóanum er hún oftast einráð, en í mýrlendinu þar sem raki er minni vex hún í samfélagi við mýrastör og fleiri tegundir svo sem engjarós, mýrelftingu, klóffífu, vallarsveifgras, grávíði, kornsúru, brennisóley, hrafnaklukku, krossmöðru og hálmgresi.

Mýri með mýrastör og mýrelftingu (U13)

Mýri með mýrastör og mýrelftingu er fagurgræn yfir að líta. Þessi mýrargerð finnst einungis á einu svæði á slitróttum blettum þar sem gulstararflói (V1) og vetrarkvíðastararflói (V5) eru ríkjandi. Með mýrastörinni og mýrelftingunni vaxa t.d. engjarós, hrafnaklukka, mýradúnurt, kornsúra, horblaðka og tjarnastör. Gulstör finnst þar á stangli.

Mýri með mýrastör og tjarnastör (U19)

Mýragróðurhverfið sem hér er lýst mætti allt eins flokkast undir gróðurlendi flóans. Þar sem mýrastör og tjarnastör ríkjja saman er grunnvatnsstaðan alla jafna nokkuð hærri en í mýrum almennt og á það einnig við hér. Þetta gróðurhverfi kemur fyrir á tveimur stöðum, annars vegar á minna svæði eitt og sér og hins vegar á stærra svæði óaðgreint frá forblautum gulstarar- (V1) og vetrarkvíðastararflóa (V5).

Flói með gulstör (V1)

Gulstararflói er útbreiddasta gróðurlendið á svæðinu og er allstaðar ríkjandi þar sem landið er blautast. Með gulstörinni vaxa nær eingöngu horblaðka og klóffífa ásamt flóamosum.

Flói með tjarnastör (V2)

Tjarnastararflói er fátíður á svæðinu. Hann er aðeins að finna á örfáum smáblettum þar sem er allra blautast við vatnið eða tjarnir. Með tjarnastörinni vex sumstaðar lítið eitt af fergini og vetrarkvíðastör. Tjarnastararflói finnst einnig óaðgreindur frá öðrum gróðurhverfum (V5, Y12) á mjög blautum stöðum þar sem ummerki eru eftir gömul bjúgvötn á fitjunum við vatnið. Með tjarnastörinni vaxa vetrarkvíðastör og horblaðka.

Flói með vetrarkvíðastör (V5)

Vetrarkvíðastör vex í mjög blautum lænum innan um önnur gróðurhverfi en nær aldrei að þekja verulega stór svæði á hverjum stað. Á gróðurkortinu koma því ekki fyrir hrein afmörkuð svæði með vetrarkvíðastararflóa heldur er hann ávallt í bland við önnur gróðurhverfi.

Flói með mýrastör (V11)

Mýrastör er ríkjandi tegund í þremur forarblautum flóablettum á fitjunum næst vatninu. Eins og fyrr greinir er mýrastörin algengasta störin í íslenskum mýrum en hún er sjaldan ríkjandi í flóum við náttúrulegar aðstæður. Tilurð þessa gróðurhverfis á svæðinu gæti stafað af því að á undanförunum áratugum hefur vatnsborð Skorradalsvatns ekki verið náttúrulegt heldur hefur vatnshæðinni verið stjórnað með tilliti til Andakílsárvirkjunar.

Vatnagróður-fergin, vatnsnál og horblaðka (Y1, Y2 og Y12)

Fergin (Y1), vatnsnál (Y2) og horblaðka (Y12) finnast hér og þar í tjörnum, pollum eða lænum. Yfirleitt vaxa þessar tegundir saman úti í mestu bleytunni eða kögra tjarnir og polla. Fleiri vatnablöntur koma fyrir, t.d. fjallnykra, grasnykra, síkjamari, tjarnaskúfur og vatnsbrúða.

3.3.3 Lítt gróið land

Eyri (ey)

Ýmsar plöntutegundir finnast á eyrum Fitjaár og við ósa hennar á þeim blettum sem lengst hafa fengið frið fyrir ágangi árinna. Algengasta og mest áberandi plantan á eyrunum er nú alaskalúpína.

Flag (fl)

Flög eru flokkuð sem lítt gróið land vegna þess að gróðursamfélög flagsins ná sjaldan meira en 30% þekju. Þegar gróðurinn í flaginu hefur náð meiri þekju tekur við næsta stig gróðurframvindu og svæðið flokkast þá sem annað gróðurhverfi. Flög eru oft það lítil að flatarmáli að þau verða ekki sýnd á gróðurskortum nema það sé teiknað í mjög stórum mælikvarða. Hér flokkast fjögur svæði sem flag. Tegundafjölbreytni í flagi er oft allmikil. Dæmi um tegundir sem vaxa í flagi má nefna: skriðlíngrasi, blávingul, blómsef, naflagras, gullbrá, kornsúru, klóelftingu, mýradúnurt, hárleggjastör, axhæru, flagahnoðra, skurfu, geldingahnapp, flagasef, túnsúru, hundasúru, fjallapunt og blásveifgras.

Melur (me)

Aðeins einn melkoll er að finna á svæðinu en þar náði gróðurþekjan ekki 10%. Þar vaxa samt fjöldamargar tegundir en flestar þeirra eru smávaxnar og standa dreift.

Malarnáma (n)

Kortlagða svæðið miðast við heimreiðina að bænum og kirkjunni og lendir malarnáman sunnan við veginn því inni á kortinu.

Sandur (sa)

Sandur er einungis merktur á einum stað á litlu rífi á hólma í Fitjaárósi. Þar var ekki nokkra plöntu að sjá úr landi.

3.4 Flóra

Háplöntur voru skráðar á vettvangi á þar til gerða lista. Alls fundust 118 tegundir auk þriggja ættkvísla sem ekki voru greindar til tegunda. Talið er að á Íslandi vaxi 458 tegundir að meðtöldum 20 tegundum undafífla (Hörður Kristinsson 1986, Bergþór Jóhannsson 1989). Á rannsóknasvæðinu er því að finna um fjórðung íslensku flórunnar sem er ekki svo lítið miðað við stærð svæðisins. Í 1. viðauka, aftast í skýrslunni, er listi yfir allar þær tegundir háplantna sem voru skráðar eða safnað á svæðinu.

Búast má við að á svæðinu vaxi nokkrar tegundir til viðbótar þeim sem fundust sumarið 1998, þar sem ekki var unnt að kemma svæðið. Ekki fannst nein tegund sem er sjaldgæf á landsvísu.

Auk háplantna vex á svæðinu fjöldi mosa-, flóttu- og sveppategunda. Ekki var gert ráð fyrir að skoða tegundafjölbreytni þessara flokka þar sem það krefst meiri tíma en hægt var að kosta til sumarið 1998. Á þetta er minnst hér þar sem það mun gefa enn betra yfirlit yfir náttúru svæðisins að hafa þessar upplýsingar undir höndum þegar horft er til framtíðar.

4 NÁTTÚRUVERND OG ATHYGLISVERDIR STAÐIR

Náttúruverndarráð (nú Náttúruvernd ríkisins) hefur sett Klausturskóg og Fitjar í Skorradal á Náttúruminjaskrá (1996) með eftirfarandi lýsingu: „(1) Lönd jarðanna Vatnshorns, Bakkakots, Fitja og Fitjakots. Til norðurs og austurs markast svæðið af vogi frá Víðihryggjum inn að Fálkagili og upp með því að 293 m hæðarpunkti. Til suðurs og vesturs ræður lína um Sjónarhól, Eystri-Hrosshæð, Hríshól að Ytri-Hrosshæð, þaðan að Miðeyri í Skorradalsvatni. (2) Birkiskógur með gróskumiklum botngróðri, lítt snortnum af beit. Fjölbreytt fuglalíf við ós Fitjaár. Hefur mikið útivistargildi.”

5 NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Skorradalur er syðstur og stærstur svokallaðra Borgarfjarðardala. Landnotkun í dalnum hefur breyst afar mikið á þessari öld. Skorradalsvatn hefur eins og fyrr greinir verið notað sem uppistöðulón Andakílsárveikjunnar frá því um miðja öldina með tilheyrandi hækkun vatnsborðs sem sett hefur á kaf gróið land og breytt strandlengju vatnsins. Votlendið yst í dalnum hefur víða verið ræst fram. Mikil sumarhúsabyggð er í Skorradalshreppi. Samkvæmt upplýsingum í svæðisskipulagi (Guðrún Jónsdóttir 1998) voru 453 samþykktar sumarhúsalóðir og 317 fullbyggð sumarhús í hreppnum árið 1998. Auk þess stunda Skógrækt ríkisins, skógarbændur og sumarhúsaeigendur stórfellda skógrækt, með innfluttum trjám frá mörgum löndum, í dalnum. Allt hefur þetta leitt til þess að ásýnd dalsins hefur breyst mjög mikið. Fyrirsjáanlegt er að skógrækt með innfluttum trjám muni enn aukast á næstu árum. Með þessari miklu ræktun eru búin til ný gróðurvistkerfi á stórum svæðum sem lítið er vitað hvernig muni dafna í íslensku loftslagi til langframa.

Hlynur Óskarsson (1998) hefur gert úttekt á votlendi á Vesturlandi. Þar kemur m.a. fram að í Borgarfjarðarsýslu voru árið 1930 um 240 km² af votlendi en nú eru einungis 22 km² eftir óraskaðir, eða um 9% fyrra flatarmáls. Mest var af hallamýrum, en einnig brokflóar, t.d. í Hálsasveit og gulstararflóar, t.d. meðfram Andakílsá.

Í grein Hlyns kemur einnig fram að í Skorradalshreppi var stærð votlendis áætluð 7,7 km² árið 1980. Helst var að finna hallamýrar í landi Grundar og flæðimýrar við útfall Andakílsár og á Fitjum. Meðfram Skorradalsvatni er ekkert votlendi sem talist getur. Árið 1994 höfðu 6 km² þessa votlendis verið ræstir fram og 0,7 km² verið raskað á annan hátt. Einungis 1 km² af votlendi hreppsins taldist vera óraskaður árið 1994. Þetta óraskaða svæði er votlendið í Fitjum.

Þessi mikla framræsla votlendis, skógrækt og sumarhúsabyggð sem að framan greinir leiðir hugann að því hvort ekki sé kominn tími til að staldra við og kanna hversu

mikið er eftir af villtri náttúru í dalnum og hvernig ástand hennar er. Hér er ekki einungis átt við birkiskóginn og votlendið, heldur einnig mólendið og aðra minna áberandi þætti í gróðurrikinu sem allir skipta máli til að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu. En fuglalíf hvers svæðis t.d. mjög háð þeim gróðurlendum sem þar eru.

Gróðurfarsúttekt sú sem sagt er frá í þessari skýrslu lýsir gróskumiklu votlendissvæði, dalbotnamýri sem er að mestu óskert og liggur fyrir enda stórs inndalavatns. Votlendissvæðið á Fitjum telst vera einstök mýrargerð og því verðmæt ekki einungis fyrir Skorradal heldur allt Borgarfjarðahérað.

Eftirtaldir þættir gætu ógnað tilveru votlendisins eða a.m.k. breytt því á þann hátt að ekki yrði lengur hægt að líta á það sem lítt eða ósnortið landsvæði:

- Miklar sveiflur í vatnsborði Skorradalsvatns vegna raforkuframleiðslu
- Framræsla
- Gróðursetning trjáa í votlendið eða í jaðra þess
- Framandi og ágengar plöntutegundir sem geta fylgt skógræktinni, t.d. ýmsar víðitegundir eða tegundir sem þegar hafa numið land, svo sem alaskalúpína.

6 TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR

6.1 Almenn

- Lögð er áhersla á að líffræðilegum fjölbreytileika verði viðhaldið á svæðinu þannig að það fái að þróast og njóta sín á eigin forsendum án afskipta mannsins.
- Sjá þarf til þess að sveiflur í vatnsborði Skorradalsvatns valdi ekki skemmdum á gróðri eða breytingum á gróðurfari við vatnið.
- Samband milli gróðurfars og fuglalífs er órjúfanlegt. Mismunandi fuglategundir sækja í ólík gróðurfélög til fæðuöflunar, hvíldar eða varps. Með því að viðhalda gróðurlendum sem tiltekna fuglategundir sækja í er hægt að hafa nokkur áhrif á fuglafánu svæðis.
- Viðhalda ber öllum gerðum gróðurlenda á svæðinu til að fjölbreytnin haldist, eins þótt stór landsvæði hafi verið tekin undir skógrækt og annan landbúnað.
- Hér skal varað við alaskalúpínunni. Ljóst er að hún breiðist óðfluga og hömlulaust út á svæðinu. Einkum á þetta við um áreyrar, árbakka og þar sem land er ekki mjög blautt. Svæðið er vel gróið og gróðri stafar engin hætta af uppblæstri. Þar sem lúpínubreiður ná sér upp kaffæra þær annan gróður, einkum mólendisgróður og önnur gróðurlendi þar sem hin smávaxna íslenska flóra með sínum litríku, fíngerðu blómum hverfur undir hávaxna lúpínuna. Gróðurlendi verða einsleit og tegundafjölbreytnin minnkar. Margt bendir nú til að lúpínan hörfi ekki svo auðveldlega af svæðum þar sem hún hefur þegar fest rætur. Lagt er til að útbreiðsla lúpíunnar verði stöðvuð í næsta nágrenni votlendisins og henni eytt meðfram ánni og á árbakkanum.
- Hrossabeit er nokkur á hluta svæðisins. Heppilegt er að henni verði haldið niðri.

6.2 Verndun votlendis

- Lagt til að votlendið á Fitjum í Skorradal verði friðlýst samkvæmt náttúruminjalögum. Til þess að það verði hægt þarf að uppfylla ofangreindar ábendingar og vinna að málinu í samráði við Náttúruvernd ríkisins.

7 RITASKRÁ

Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir undafíflar I–III. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr.10. 502 bls.

Guðrún Jónsdóttir 1998. Svæðisskipulag sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar. 1997–2017. Samvinnunefnd um svæðisskipulag norðan Skarðsheiðar og Skipulagsstofnun. 78 bls.

Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur. Reykjavík. 306 bls.

Hlynur Óskarsson 1998. Framræsla votlendis á Vesturlandi. Í: Jón S. Ólafsson, Ritsjóri. Íslensk votlendi. Verndun og nýting. Háskólaútgáfan. Bls.121–130.

Náttúruminjasráð 1996. Friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar. 7. útg. Reykjavík. Náttúruverndarráð. 64 bls.

Steindór Steindórsson 1981. Flokkun gróðurs í gróðursamfélög. Íslenskar landbúnaðarrannsóknir. 12,2. Bls.11–52.

1. viðauki. Flóra í votlendinu í fitjum og nágrenni í landi jarðarinnar Fitja í Skorradal

Íslensk heiti	Latnesk heiti
Alaskalúpína	<i>Lupinus nootkatensis</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>
Birki	<i>Betula pubescens</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>
Blákolla	<i>Prunella vulgaris</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blátoppastör	<i>Carex curta</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>
Fergin	<i>Equisetum fluviatile</i>
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>
Fjalldalafífill	<i>Geum rivale</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Fjallnykra	<i>Potamogeton alpinus</i>
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>
Flagasóley	<i>Ranunculus reptans</i>
Flóastör	<i>Carex limosa</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Gleym-mér-ei	<i>Myosotis arvensis</i>
Grasnykra	<i>Potamogeton gramineus</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>
Grávorbólóm	<i>Draba incana</i>
Gullbrá	<i>Saxifraga hirculus</i>
Gullmura	<i>Potentilla cranzii</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i>
Hálmngresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Hálmngresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Hárdepla	<i>Veronica officinalis</i>
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>
Helluhnoðri	<i>Sedum acre</i>
Hengjastör	<i>Carex rariflora</i>
Hnúskakraekill	<i>Sagina nodosa</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Holurt	<i>Silene uniflora</i>
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>
Hófsóley	<i>Caltha palustris</i>
Hrafnafífa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymani</i>
Hrafnastör	<i>Carex saxatilis</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>

frh.

1. viðauki. Flóra í votlendinu í fitjum og nágrenni í landi jarðarinnar Fitja í Skorradal

Hrútaber	<i>Rubus saxatilis</i>
Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Íslandsfífill	<i>Hieracium islandicum</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klóffía	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Kossmaðra	<i>Galium boreale</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Lækjasef	<i>Juncus bufonius</i>
Mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>
Mjaðurt	<i>Filipendula ulmaria</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Mýrfjóla	<i>Viola palustris</i>
Naflagras	<i>Koenigia islandica</i>
Reyrgresi	<i>Hierochloë odorata</i>
Síkjamari	<i>Myriophyllum alterniflorum</i>
Skarífífill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Skriðsóley	<i>Ranunculus repens</i>
Skurfa	<i>Spergula arvensis</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Sortulyng	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Stjörnusteibrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>
Sýkigras	<i>Tofteldia pusilla</i>
Tágamura	<i>Potentilla anserina</i>
Tjarnaskúfur	<i>Eleocharis palustris</i>
Tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>
Tófugras	<i>Cystopteris fragilis</i>
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>
Túnfíflar	<i>Taraxacum spp.</i>
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>
Týtulíngresi	<i>Agrostis vinealis</i>
Umfeðmingsgras	<i>Vicia cracca</i>
Undafíflar	<i>Hieracium spp.</i>

frh.

1. viðauki. Flóra í votlendinu í fitjum og nágrenni í landi jarðarinnar Fitja í Skorradal

Vallarfoxgras	<i>Phleum pratense</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>
Vatnsbrúða	<i>Callitriche</i> spp.
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Vetrarkvíðastór	<i>Carex chordorrhiza</i>
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>

Fjöldi tegunda: 118 (auk 3 ættkvísla)

Tegundunum er raðað upp í stafrósröð íslenskra heita. Með íslenskar og latneskar nafngiftir er farið eftir Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986).